STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1983

5. apríl 1983 75 Nr. 46

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að til að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi, beri brýna nauðsyn til að veita ýmsum fyrirtækjum í útgerð og fiskiðnaði, sem glíma við sérstök vandamál, fjárhagsfyrirgreiðslu, er varið verði til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Við Fiskveiðasjóð Íslands skal starfa sérstök deild er hefur það hlutverk að veita lán til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa sérstök staðbundin vandamál fyrirtækja í sjávarútvegi. Skal fjárhagur þessarar deildar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins. Lán úr þessari deild skulu veitt samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs. Skulu lánin veitt með þeim tryggingum, veði eða ábyrgðum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs metur fullnægjandi og er hún í þeim efnum óbundin af ákvæðum 11. og 12. gr. laga nr. 44/1976.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfsskuldarábyrgð á láni allt að 120 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt er sú deild Fiskveiðasjóðs, sem um er rætt í 1. gr. tekur.

Í stað þess að veita ríkisábyrgð skv. 1. mgr. er ríkisstjórninni heimilt að taka þargreinda fjárhæð að láni og endurlána hana Fiskveiðasjóði.

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. þessari gr. er fjármálaráðherra óbundinn af þeim ákvæðum um tryggingar er almennt gilda við veitingu ríkisábyrgðar.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. gr. laga þessara þ. á m. um lánskilyrði, lánshæfni, lánakjör og tryggingu lána.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Stjórnartíðindi A 6, nr. 46. Útgáfudagur 6. apríl 1983.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg